

ÚRSKURÐUR MÓTSSTJÓRNAR ÍSLANDSMÓTS

SKÁKFÉLAGA 2013-2014

Ár 2013, mánudagur 14. október, er tekið fyrir mál nr. 6/2013; kæra Taflfélags Garðabæjar (TG) vegna lögmætis keppenda með Skákfélagi Íslands í fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga 2013-2014. Í málinu úrskurða Sverrir Örn Björnsson, Áskell Örn Kárasón og Helgi Árnason.

Kæra TG barst mótstjórn laugardaginn 12. október 2013 og kemur fram í kærinni að tilefni hennar sé viðureign a-sveitar TG við a-sveit Skákfélags Íslands í 1. umferð 2. deildar Íslandsmóts skákfélaga föstudaginn 11. október 2013. Í erindinu kemur fram að það sé skilningur TG að ótilgreindir keppendur a-sveitar Skákfélags Íslands í viðureigninni hafi verið ólögmætir samkvæmt 19. gr., sbr. 20. gr. skáklaga Skáksambands Íslands. Er þess krafist af hálfu TG að a-sveit TG verði úrskurðaður sigur 6-0 í framangreindri viðureign sveitarinnar við a-sveit Skákfélags Íslands í 1. umferð Íslandsmótsins. Í erindi TG er rakið að þann 2. október 2013 hafi opinberlega verið kunngerð sameining tveggja skákfélaga, þ.e. Taflfélags Akraness annars vegar og Skákfélag Íslands hins vegar, í eitt félag undir nafni Skákfélags Íslands. Hafi þá verið liðinn 20 daga frestur til félagaskipta samkvæmt 19. gr. skáklaga þar sem fram kemur að tilkynning skákmanns skv. 2. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins skuli hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga, ella geti hann ekki teflt fyrir sitt nýja félag í því. Fyrirverandi félagsmenn Taflfélags Akraness, sem teflt hafi fyrir a-sveit Skákfélags Íslands í viðureign sveitarinnar við a-sveit TG í 1. umferð Íslandsmótsins, hafi þá verið skráðir í annað félag í keppendaskrá Skáksambandsins, þ.e. í Taflfélag Akraness, enda hafi keppendaskrá hins sameinaða félags ekki verið að finna í keppendaskránni og skráin í öllum atriðum verið ólík keppendaskrá hvors félags um sig. Sé óheimilt að breyta keppendaskrá og uppstillingu liða eftir að 20 daga fresturinn samkvæmt 19. gr. skáklaga sé liðinn, enda stríði slíkt gegn jafnræði keppenda á Íslandsmótinu. Ljóst sé að enginn skákmaður úr Taflfélagi Akraness hafi verið skráður í Skákfélag Íslands þegar frestur til félagaskipta samkvæmt 19. gr. skáklaga rann út. Engu breyti um þessa niðurstöðu þótt fjallað sé um sameiningu skákfélaga í 8. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga, enda séu skáklög æðri réttarheimild og reglugerðin hljóti því að víkja að því leyti sem hún fari gegn

skýrum ákvæðum skákлага. Þar sem TG líti svo á að um gróft brot sé að ræða á 19. gr., sbr. 20. gr. skákлага, enda hafi Taflfélag Akraness átt sæti í 2. deild Íslandsmóts skákfélaga, sé farið fram á að a-sveit TG verði úrskurðaður 6-0 sigur í viðureign sveitarinnar við a-sveit Skákfélags Íslands í 1. umferð Íslandsmóts skákfélaga.

Af hálfu mótsstjórnar var formanni Skákfélags Íslands kynnt kæra TG á móttstað og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í tilefni af þeim, sbr. 20. gr. skákлага. Af hálfu formanns Skákfélags Íslands var í samtali við formann mótsstjórnar vísað til sjónarmiða í tölvupósti frá 10. október 2013 þar sem fram kom það viðhorf formanns Skákfélags Íslands að ágreiningur um lögmæti keppenda Skákfélags Íslands vegna samruna félagsins við Taflfélag Akraness heyrði ekki undir úrskurðarvald mótsstjórnar Íslandsmóts skákfélaga. Ennfremur kom fram að Skákfélag Íslands liti svo á að allir keppendur í a-sveit félagsins í fyrrnefndri viðureign við TG í 1. umferð Íslandsmótsins hefðu verið löglegir með félaginu.

Niðurstaða:

Samkvæmt 20. gr. skákлага Skáksambands Íslands skulu keppendur í Íslandsmóti skákfélaga vera skráðir í Keppendaskrá Skáksambandsins sem félagsmenn þeirra félaga sem þeir tefla fyrir. Í 1. mgr. 19. gr. skáklaganna kemur fram að aðeins þeir sem eru í Keppendaskrá SÍ teljist löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga (fyrri og seinni hluta). Þó eru þeir skákmenn sem eru án skákstiga og án félags undanþegnin því að þurfa að vera í Keppendaskránni. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. skáklaganna skulu athugasemdir vegna Keppendaskrárinnar hafa borist Skáksambandi Íslands viku fyrir mót og Skáksamband Íslands að úrskurða í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Samkvæmt 21. gr. skákлага skal stjórn Skáksambandsins árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögmæti keppenda ef beiðni um athugun á lögmæti viðkomandi liggur fyrir eða ef kæra berst mótsstjórninni. Beiðni um athugun og/eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd, innan 48 tíma eftir að umferð lýkur í þeirri umferð sem ólöglegur keppandi telst hafa teflt í. Í niðurlagi 21. gr. skákлага kemur fram að skákstjóri úrskurði um önnur vafaatriði.

Samkvæmt framansögðu er hlutverk mótisstjórnar Íslandsmóts skákfélaga fólgið í því að skera úr um lögmæti keppenda í Íslandsmóti skákfélaga að undangenginni kæru eða beiðni um athugun. Eins og viðfangsefni mótisstjórnarinnar er markað í 21. gr. skáklaga og með hliðsjón af því að í 19. gr. skáklaganna er gert ráð fyrir því að Skáksamband Íslands úrskurði sjálft um athugasemdir vegna keppendaskrár, sem berast í síðasta lagi viku fyrir mót, verður að líta svo á að mótisstjórn sé fyrst og fremst ætlað að úrskurða um lögmæti einstakra keppenda í Íslandsmótinu eftir að mótið er hafið og þá einkum með tilliti til þeirra skilyrða sem sett eru í 19. og 20. gr. skáklaganna. Þá er auk þess ljóst að það heyrir undir mótisstjórn að skera úr um lögmæti uppstillingar í lið ef kæra berst út af uppstillingu eftir að mótið er hafið, sbr. niðurlag 6. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga. Önnur álitaefni og vafaatriði varðandi framkvæmd Íslandsmóts skákfélaga heyra hins vegar ekki undir mótisstjórn samkvæmt framansögðu heldur stjórn Skáksambands Íslands eða eftir atvikum skákstjóra, sbr. 2. gr. og 3. mgr. 19. gr. skáklaganna.

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að framan telur TG að ótilgreindir keppendur í a-sveit Skákfélags Íslands á Íslandsmóti skákfélaga 2013-2014, þ.e. fyrrum félagsmenn Taflfélags Akraness, hafi verið ólögmætir með Skákfélagi Íslands í viðureign þess við TG um sl. helgi þar sem sameining Taflfélags Akraness og Skákfélags Íslands hafi ekki verið kunngerð fyrr en eftir að 20 daga frestur til félagaskipta samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skáklaga var liðinn. Þrátt fyrir að kæra TG lúti þannig í orði kveðnu að meintu ólögmæti umræddra keppenda Skákfélags Íslands þykir þó blasa við að efnislega og í raun varðar kæran það álitaefni hvort fyrrnefndur frestur til félagaskipta í 2. mgr. 19. gr. laganna standi í vegi fyrir því að taflfélög, sem sameinast að liðnum þeim fresti en áður en Íslandsmót skákfélaga hefst, geti tekið þátt í mótinu í nafni hins sameinaða félags. Felur krafa TG þannig í sér í raun að hinu sameinaða félagi hafi verið óheimilt að taka þátt í Íslandsmótinu 2013-2014. Ekki er ágreiningur um það í málinu að þeir keppendur Skákfélags Íslands, sem um ræðir, hafi allir verið skráðir í keppendaskrá sem félagsmenn Taflfélags Akraness áður en 20 daga fresturinn rann út.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, verður ekki talið að kæruefni málsins lúti að „lögmæti keppenda“ í skilningi 21. gr. skáklaga Skáksambands Íslands. Verður því ekki talið að ágreiningur málsins heyri undir mótisstjórn Íslandsmóts skákfélaga 2013-2014 eins og

valdsvið og verkefni mótsstjórnarinnar eru skilgreind í lögum þessum. Er kæru TG því vísað frá.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kæru Taflfélags Garðabæjar er vísað frá.

Um málskot:

Úrskurði þessum má skjóta til Dómstóls SÍ. Kærufrestur er þrír sólarhringar frá því að úrskurður mótsstjórnar lá fyrir.